

Aðalfundur 2002

Aðalfundur Samtaka forstöðumanna almenningsbókasafna haldinn fimmtudaginn 2. maí 2002 í Hlégarði í Mosfellsbæ og hófst hann kl. 13:00.

Marta Hildur Richter bauð fundarmenn (konur) velkomna.

Margrét Ásgeirsdóttir tilnefndi Halldóru Jónsdóttur fundarstjóra og var það samþykkt.

Halldóra setti fund og síðan var gengið til dagskrár samkvæmt lögum samtakanna.

1. Skýrsla formanns

Margrét Ásgeirsdóttir gerði grein fyrir starfi stjórnar á síðasta starfsári. Stjórnin hélt alls 8 símafundum á árinu og gafst það fyrirkomulag vel þar sem langt var á milli sumra stjórnarmanna. Átta nýir félagar hafa sótt um inngöngu í samtökin og eitt félag.

Helstu verkefni stjórnar voru:

Að fylgja eftir samskiptum við Verkefnisstjórn um landsaðgang að rafrænum gagnasöfnum um endurskoðun á gjaldtöku fyrir aðganginn. Útreikningum á greiðslubyrði hefur verið breytt í framhaldi af því.

Að styðja við erindi Ráðgjafarnefndar um málefni almenningsbókasafna um stofnun þróunarsjóðs fyrir almenningsbókasöfn með því að senda menntamálaráðuneytinu bréf þess efnis. Ekki hefur borist formlegt svar við erindinu, en stjórn hefur fregnað að ekki sé vilji fyrir stofnun slíks sjóðs.

Að fá Gallup til að kanna viðhorf fólks til almenningsbókasafna. Niðurstöður könnunarinnar verða kynntar á morgun. Vali á almenningsbókasafni ársins var frestað vegna mikils kostnaðar við hönnun á verðlaunagrip. Hugsanlegt er að veita annars konar viðurkenningu.

Erindi myndbandanefndar Borgarbókasafns datt uppfyrir og er vísað til næstu stjórnar.

Skýrsla formanns var samþykkt samhljóða.

2. Reikningsuppgjör

Nanna Þóra Áskelsdóttir, gjaldkeri, gerði grein fyrir reikningum ársins og voru þeir samþykktir samhljóða (sjá reikninga).

3. Lagabreytingar

Engin tillaga hafði komið fram um lagabreytingar, svo þessi liður var fljótafgreiddur.

4. Kosning stjórnar

Margrét greindi frá því að enginn úr núverandi stjórn gæfi kost á sér til áframhaldandi setu. Hún lagði til að fulltrúar frá Reykjanesi og höfuðborgarsvæðinu tækju við af fulltrúum frá Suðurlandi og stjórnin gengi síðan hringinn.

Marta kynnti hugmynd að framboði til stjórnar: Reykjanesbær, Mosfellsbær, Seltjarnarnes og Grindavík taki að sér þessa stjórn, síðan Reykjavík, Kópavogur og Bessastaðir og svo gangi þetta hringinn. Ekki urðu miklar umræður um þetta.

Eftirfarandi tillaga kom um nýja stjórn:

Undirrituð leggur til að næsti formaður verði Marta Hildur og aðrir í stjórn Pálína Magnúsd. og Hulda Björk Þorkelsd.

Margrét Gíslad. til vara.

Pálína Magnúsdóttir

Ekkert mótframboð kom og var tillagan samþykkt samhljóða.

Margrét lagði til að Nanna Þóra Áskelsdóttir yrði skoðunarmaður. Erla Kristín Jónasdóttir býður sig fram aftur. Var það samþykkt samhljóða.

5. Fjárhagsáætlun, ákvörðun um félagsgjöld

Stjórn gerði enga fjárhagsáætlun frekar en síðasta stjórn.

Gjaldkeri lagði til að félagsgjald yrði óbreytt næsta starfsár, kr. 5.230.-, og var það samþykkt.

Andrea Jóhannsdóttir lagði til að farið yrði að lögnum samtakanna og fráfarandi stjórn skilaði af sér fjárhagsáætlun á aðalfundi hér eftir. Fundurinn var almennt sammála því.

6. Önnur mál

6.1 Nanna bar upp nýja félag, en þeir eru:

Bryndís Áslaug Óttarsdóttir, Borgarbókasafni – Sólheimasafni, aukaaðild.

Dóra Thoroddsen, Borgarbókasafni – Kringlusafni, aukaaðild.

Eyrún Ýr Tryggvadóttir, Bókasafni S.-Þing., full aðild.

Gréta Ólafsdóttir, Bókasafni Ólafsfjarðar, full aðild.

Helga Ólafsdóttir, Blindrabókasafni, aukaaðild.

Lilja Ólafsdóttir, Borgarbókasafni – Foldasafni, aukaaðild.

Ragnheiður Adólfssdóttir, Borgarbókasafni – Gerðubergi, aukaaðild.

Sólveig Agnarsdóttir, Borgarbókasafni – Gerðubergi, aukaaðild.

Sigríður Tryggvadóttir, Héraðsbókasafni V.- Hún., full aðild.

Inntaka þeirra í samtökin samþykkt.

6.2 Margrét greindi frá því að Upplýsing sótti um aukaaðild að Samtökum forstöðumanna almenningsbókasafna í febrúar sl. til að auka samvinnu og upplýsingastreymi. Stjórn finnst nauðsynlegt að hafa samband og samvinnu við Upplýsing og etv. ætti að skapa þá hefð að bjóða formanni Upplýsingar og bókafulltrúa á forstöðumannafundi, en ekki í samtökin eða á aðalfundi þess og ekki heldur á póstlista samtakanna.

Nokkur umræða varð um þessa umsókn.

Andrea Jóhannsdóttir benti á að þetta væri hægt skv. 4. grein laganna, hvergi væri kveðið á um að félög gætu ekki verið aðilar að samtökunum, en við þyrftum að ákveða hvað við vildum.

Anna Torfadóttir bað menn (konur) um að hugsa sig vel um. Að samþykkja þessa aðild væri breytt stefna samtakanna. Blindrabókasafnið, Bókasafn Norræna hússins og deildarstjórar Borgarbókasafns hefðu haft aukaaðild, en félög ættu ekki þarna heima. Fleiri voru sammála þessu. Pálína óskaði eftir að málinu væri vísað til stjórnar.

Margrét vildi að aðalfundur tæki ákvörðum og lagði fram eftirfarandi tillögu:

Stjórn leggur til

- að umsókn Upplýsingar verði hafnað.

- að lagabreytingar verði á 4.gr. og þær berist stjórn fyrir 1. mars 2003, svo skýrt verði hverjir hafi rétt til að ganga í félagið. **Tillagan samþykkt.** Rætt um að nýir félagar skuli tilkynnast til stjórnar eða inn á Fínu-póstlistann.

6.3. Erla Kristín kynnti bréf frá myndbandateymi Borgarbókasafnsins þar sem það ítrekar fyrri málaleitan sína. Teymið hefur reynt að halda áfram starfi og er í sambandi við Góðar stundir sem segir að ákveðinn lágmarksfjöldi þurfi að pantast af hverju myndbandi til að þetta borgi sig. Vill kanna hve margir vilja vera með og fer fram á að fundurinn skipi 3ja manna teymi frá samtökunum. Erla Kristín lagði til að málinu væri vísað til stjórnar og var það samþykkt.

6.4 Margrét ræðir um nauðsyn styrktar- eða þróunarsjóðs almenningsbókasafna. Fráfarandi stjórn leggur til að fulltrúar frá samtökunum fari á fund Fjárlaganefndar Alþingis til að reyna að koma þessum sjóði á.

Fráfarandi stjórn vill að hugað verði betur að vali á almenningsbókasafni ársins. Kostnaður við hönnun á verðlaunagrip er mikill. Skynsamlegra væri að hanna logo eða merki sem viðkomandi safn gæti notað í kynningarskyni nota peningana frekar í einhverjar þýðingar, bæklingagerð eða meira PR-efni. Ef ákveðið verði að hafa farandgrip reyna þá frekar að fá fyrirtæki til að kosta hann.

Bréf hefur borist frá Þóru Gylfadóttur um sameiginleg norræn innkaup á rafrænu efni. Þóra vill að forstöðumenn almenningsbókasafna séu bakland fyrir þessi innkaup eða eigi fulltrúa í nefnd um innkaupin.

Engar umræður urðu um þessi mál, enda áætluðum fundartíma lokið.

Marta Hildur Richter, nýr formaður samtakanna hét því að ný stjórn muni reyna að vinna vel og ekki brúla með peningana. Hún vonast eftir góðu samstarfi við alla.

Kvennafundi slitið kl. 13:05

Hlíf S. Arndal
fundaritari